

## **Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**

### **51. fundur, haldinn að Lyngási 12, 13. september 2012**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir sem hefur tekið sæti að nýju í svæðisráði í stað Sigrúnar Blöndal, Gunnþórunn Ingólfssdóttir í fjarveru Jóhanns F. Þórhallssonar, Skúli Björn Gunnarsson, Þórhallur Þorsteinsson sem hefur tekið sæti í svæðiráði sem fulltrúi umhverfisverndarsamtaka og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Orri Páll Jóhannsson sem verið hefur landvörður á Austursvæði í sumar og kemur til með að leysa Rögnu Fanneyju af í fæðingarorlofi í vetur.

#### **Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Afgreiðsla stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs á tillögum svæðisráðs**
- 3. Samgöngumál**
- 4. Háslón – vökvun bakka**
- 5. Breytingar / leiðréttingar á verndaráætlun**
- 6. Stækkun þjóðgarðsins – nefnd**
- 7. Segja frá sumrinu – helstu framkvæmdir**
- 8. Önnur mál**

*Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.30.*

#### **1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 50. fundar undirrituð.

#### **2. Afgreiðsla stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs á tillögum svæðisráðs**

Formaður hafði sent út fundargerð frá stjórnarfundum 19. apríl. Hann fór yfir afgreiðslu stjórnar á tillögum svæðisráðsins. Þær höfðu verið samþykktar utan þess að frestað var afgreiðslu á tillögu um fuglaveiðar.

Samkvæmt samþykktum stjórnar á að setja á fót tvo vinnuhópa, annars vegar um skráningu á veiði og hins vegar um hreindýraveiðar við markalínur þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður greindi frá því að þessir hópar hefðu ekki verið formlega stofnaðir ennþá en hún hefði þó kallað á fulltrúa UST og leiðsögumanna sl. vor til að ræða um samstarf vegna hreindýraveiða á þjóðgarðsmörkum.

Svæðisráð lýsir yfir ánægju með afgreiðslu stjórnar á tillögum ráðsins og leggur áherslu á að framkvæmdastjóri þjóðgarðsins sjái til þess að þeim verði komið til framkvæmda hið fyrsta.

Orri og Agnes sögðu lítillega frá reynslu sinni af samskiptum við gesti þjóðgarðsins út af m.a. takmörkunum verndaráætlunar varðandi veiðar.

### **3. Samgöngumál**

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir því að sett hefðu verið upp skilti við Sauðakofaslóð sem segðu hana lokaða enda margbókað hjá svæðisráði að sú slóð þoli ekki umferð. Ekki hafi verið talið hægt að loka henni alveg vegna skorts á heimildum til slíks. Þjóðgarðsvörður sagðist hafa sótt um styrk í styrkvegaskjöld vegna Sauðakofaslóðar og fleiri slóða en fengið skriflega höfnun dags. 24. júlí 2012 frá Vegagerðinni.

Svæðisráð hvetur stjórn þjóðgarðsins til að taka þessi mál upp enn og aftur við Vegagerðina og knýja fram niðurstöðu um ábyrgð á veghaldi innan þjóðgarðs og fjármögnun á viðhaldi vega og slóða.

Orri sagði frá utanvegaakstri á veginum um Krepputungu sem jykist alltaf eftir því sem liði á sumarið. Ásýnd landsins á leiðinni inn í Kverkfjöll væri því ekki góð að hausti.

Svæðisráð beinir því til sveitarstjórna Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs að vinna með þjóðgarðinum að fræðslu um utanvegaakstur og skilgreiningu á opnum og lokuðum slóðum í nágrenni þjóðgarðsins.

Einnig var rætt um vetrarakstur innan þjóðgarðsins. Svæðisráð leggur áherslu á að þjóðgarðurinn standi sig í fræðslu til ferðapjónustuaðila og jeppamanna um þær aðstæður sem oft geta skapast í mars, apríl og maí þegar leysingar byrja. Svæðisráð leggur til að þjóðgarðsvörður setji sig í samband við 4x4 klúbbinn og fleiri aðila og komi á fræðslufundum í vetur um vetrarakstur á Austursvæði.

### **4. Háslón – vökvun bakka**

Orri sagði að töluvert hefði borið á sandfoki úr Kringilsárrana í sumar en hann hefði ekki orðið var við neina vökvun eða aðgerðir til að hefta fokið. Svæðisráð samþykkir að óska eftir að fá fulltrúa Landsvirkjunar og Landgræðslunnar á næsta fund til að fá upplýsingar um málið.

### **5. Breytingar / leiðréttingar á verndaráætlun**

Þjóðgarðsvörður beindi því til svæðisráðs að taka sig til og lesa vel yfir verndaráætlunina í ljósi þess að í vetur yrði hægt að koma inn leiðréttingum.

### **6. Stækkun þjóðgarðsins – nefnd**

Umhverfisráðherra hefur skipað vinnuhóp til að kanna möguleika á stækkun þjóðgarðsins á Austursvæði. Í honum sitja Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður, Guðríður Þorvarðardóttir frá Umhverfisráðuneytinu og Sigvaldi Ragnarsson frá Fljótsdalshéraði.

Svæðisráð fagnar því að ráðherra hafi skipað hóp til að vinna að þessu máli og óskar eftir að fá að fylgjast með framvindu mála.

## 7. Segja frá sumrinu – helstu framkvæmdir

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir starfsemi sumarsins. Hálendisfulltrúi var ráðinn fyrir Austursvæðið í tvo og hálfan mánuði og sá um skipulagningu á starfi landvarða, aðföngum, skýrslugerð og vann í kynningarefni. Munaði mikið um það í starfinu enda fór Ragna Fanney í fæðingarorlof fyrr en áætlað hafði verið. Vel gekk að manna landvarðastöður og Snæfellsstofu en þar var svipaður gestafjöldi og árið áður en lögð meiri áhersla á samræður við gesti.

Gengið var frá kaupum þjóðgarðsins á Snæfellsskála af Ferðafélagi Fljótsdals-  
héraðs í júlímánuði með fyrirvara um framlag á fjáráukalögum.

Orri gerði grein fyrir starfinu í Snæfelli. Vegna máls sem kom upp í sumar taldi hann mikilvægt að hafa skýrari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir ferðir fólks yfir Eyjabakkajökul. Með hjálp sjálfboðaliða var komið upp skiltum og merkingum við gönguleiðir víða við Snæfell.

Þórhallur nefndi að brýnt væri orðið að koma kláfi yfir Blöndu innan við skálann í Geldingafelli.

## 8. Önnur mál

- a. Dagur íslenskrar náttúru er nk. sunnudag 16. september og í tilefni þess verður dagskrá í Snæfellsstofu þar sem veiðikonur segja frá reynslu sinni af veiðum. Í tilefni dagsins var einnig öllum grunnskólum á áhrifasvæði þjóðgarðsins boðið að fá landvörð í heimsókn í næstu viku.
- b. Næsti fundur ákveðinn 18. október kl. 16.30.
- c. Þjóðgarðsvörður greindi frá því að hún færi á 3ja vikna námskeið í rekstri þjóðgarða í Bandaríkjunum í lok október.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00.*

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Ruth Magnúsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Einar Kr. Haraldsson